

Safnahúsið  
Hverfisgata 15,  
101 Reykjavík.

Mættir á fund: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Dagskrá:

Fundur settur kl. 8:40

## 1. Fjárlög og myndlistarsjóður

Í frétt frá ráðuneytinu um hækkun í myndlistarsjóð var slegin inn röng tala (139,5 m.kr.) en nú hefur það verið leiðrétt. Hið rétta er að í fjárlögum er gert ráð fyrir 109,5 [m.kr.](#) til Myndlistasjóðs, sem er hækkun um 13,2 [m.kr.](#) frá fyrra ári.

Breytingin skýrist þannig:

Fjárlög 2021	96,3
Niðurfelling tímabundis framlags	-40
Hagræðingarkrafa	-1,8
Tímab. hækkun millif. af safnið	30
Tímab. hækkun frá fjárlaganefnd	25
<b>Fjárlög 2022</b>	<b>109,5</b>

Í samræmi við þessar upplýsingar ákvað myndlistarráð að veita 44 m.kr. í fyrri úthlutun á þessu ári.

## 2. Íslensku myndlistarverðlaun 2022

Klara fór yfir drög að dagskrá fyrir verðlauna athöfninni sem haldin verður 17 mars í lðnó ef samkomutakmarkanir leyfa. Rætt var um dagskráliðina sem féll ráðsmönnum ágætlega, t.m. að hafa annað snið á þegar tilnefningar eru kynntar eða fyrir utan athöfnina sjálfa og leggja megin áherslu á verðlaunahafana á athöfninni.

Klara mun koma með nánari dagskrádrög auk tilboða og fjárhagsáætlun fyrir athöfnina á næsta fund myndlistarráðs.

3. Erindi frá Huldu Rós Guðnadóttur varðandi athugasemdir á nýrri reglugerð um Kvikmyndasjóð. Hún óskar eftir að bréfið verði tekið til efnislegarar umfjöllunar.

Myndlistarráð fjallaði um bréfið og þakkar Huldu Rós fyrir að leyfa þeim að fylgjast með, og óskar henni góðs gengis með erindið.

#### 4. Önnur mál

- a. Auður greindi frá óformlegri fyrirspurn þar sem gerð er athugasemd við úthlutun listamannalauna, Fyrirspurnin varðaði setu ráðsmanns í myndlistarráði í úthlutunarnefnd listamannalauna og hvort það væri við hæfi að sami einstaklingur sitji bæði í úthlutunarnefnd Myndlistarsjóðs og úthlutunarnefnd listamannalauna. Ráðsmaður í myndlistarráði var varamaður í úthlutunarnefnd listamannalauna og hafði kannað eigin vanhæfi þegar óskað var eftir því að hann stigi inn sem varamaður. Svárið hafi verið afdráttarlaust nei. Vert er að geta þess að aðkoma einstaklinga sem sitja í myndlistarráði sé að fara ásamt tveimur öðrum utanaðkomandi aðilum yfir ¼ umsókna sem ráðinu berast árlega og ákveða hverjir úr þessum fjórðungi umsækjenda hljóta styrk. Ráðsmenn töldu réttast að beina fyrirspurnum sem þessum til stjórnar SÍM sem skipar bæði í myndlistarráð og úthlutunarnefnd listamannalauna ef félagsmenn SÍM, sem eiga hér hagsmuna að gæta hafa eitthvað við stefnu stjórnar SÍM varaðandi skipun í nefndir að athuga.
- b. Auður greindi frá samkoulagi sem að Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur við Künstlerhaus Bethanien um vinnustofudvöl íslenskra myndlistarmanna í Berlín til fimm ára eða frá 2020-2025. Samningurinn var gerður eftir ákall frá vettvangi myndlistarmanna.

Hver dvöl spannar eitt ár en valið fer fram í opnu kalli og valnefnd Bethanien velur listamanninn. Listamaðurinn sem valinn var fyrir tímabilið 2022-23 er Anna Júlía Friðbjörnsdóttir.

Kostnaðurinn vegna vinnustofudvarinnar er greiddur af menningarmálaráðuneyti og einkaaðila, en það fjármagn rennur beint til Künstlerhaus Bethanien. Listamaðurinn þarf sjálfur að standa straum af kostnaði við upphald. Í tvö fyrri skiptin hefur listamaður sem

valinn er fengið úthlutun úr launasjóði listamanna til að eiga kost á að nýta sér þetta tækifæri.

Nú er komin upp sú staða að listamaðurinn hlaut ekki starfslaun árið 2022 og óvíst er hvort hún geti þegið dvölinu nú þegar hún hefur ekki framfærslu á meðan dvölinni stendur. Rætt var um hvernig hægt er að koma í veg fyrir að slík staða komi upp og hvað beri að gera. En þetta er augljóslega vandi sem þarf að finna farsæla lausn á.

Áætlaður næsti fundur verður fimmtudaginn 17. febrúar kl. 13.

Fundi slitið kl. 10:30